Heimsmynd í bláberjalyngi

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn

Vatnslitamyndir
Bernds Koberlings

Til 22. janúar 2006. Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13–16.



Morgunblaðið/Einar Falur

Bernd Koberling *„Sýning Koberlings er um margt áhugaverð, bæði fyrir listamenn, áhugafólk í listum og almenna áhorfendur," segir Ragna Sigurðardóttir m.a.*

BERND Koberling er einn af þekktustu landslagsmálurum Þýskalands, en hann hefur frá unga aldri heillast af norðrinu. Fyrst Lapplandi en síðar af íslenskri náttúru en listamaðurinn dvelur jafnan sumarlangt í Loðmundarfirði, kom þangað fyrst árið 1977. Í upphafi var það laxveiði sem heillaði hann en nú snýst dvöl hans fyrst og fremst um listina á meðan laxarnir synda ósnortnir hjá. Koberling hefur áður sýnt verk sín hér á landi, 2003 sýndi hann einnig vatnslitamyndir frá Loðmundarfirði í Gallerí i8 og árið áður var stór sýning á verkum hans í Listasafni Reykjavíkur.

Sýning Koberlings er um margt áhugaverð, bæði fyrir listamenn, áhugafólk í listum og almenna áhorfendur. Viðfangsefni hans er íslensk náttúra sem hann nálgast af auðmýkt og vísindalegri nákvæmni í senn. Það er hrein náttúrutenging sem dregur listamanninn aftur og aftur til Loðmundarfjarðar, upplifun sem við skiljum flest sem átt höfum kost á að dvelja að einhverju marki úti í ósnortinni náttúru, hvort sem það er hérlendis eða annars staðar. Eftir margra alda baráttu við náttúruna, baráttu sem sífellt tekur á sig nýjar myndir, hefur fegurðarsmekkur okkar Íslendinga breyst. Fegurð tengd notagildi er ekki lengur endilega málið, við höfum ekki lengur aðeins auga fyrir bleikum ökrum og slegnum túnum, heldur hefur auðnin, berangurinn og hið stórskorna glatað lífshættunni og öðlast fegurð í staðinn. Íslenskir samtímalistamenn fást við náttúruna í auknum mæli og nálgast hana á afar fjölbreyttan máta, bæði í málverki og innsetningum, vatnslitir eru þó ef til vill ekki vinsælasti miðillinn þegar kemur að túlkun náttúrunnar. Ég get ímyndað mér að ungir listamenn sjái ekki vatnsliti sem spennandi valkost og vatnslitamyndir séu ef til vill í augum margra frekar hefðbundinn miðill sem erfitt er að finna nýjan flöt á. Allt rétt en þeim mun meiri ögrun er að takast á við hann, finna nýja fleti, persónulega leið. Slík leið er grýttur vegur og það er ekki að undra að Koberling nefni sýningu sína í Ásmundarsafni einmitt það, Grýttur vegur. Í nafninu kristallast einnig kjarni sýningarinnar, sem að mínu mati er umbreyting myndefnis í list. Það er heillandi að fylgjast með túlkun Koberlings á upplifunum sínum í Loðmundarfirði en myndir hans birta fyrst og fremst úrvinnslu hans sjálfs sem persónu, samtímamanns sem lifir á tækniöld. Í stað þeirrar heildarmyndar sem landslagsmálarar leituðust við að birta áður fyrr er náttúran brotin upp í smæstu einingar, líkt og í smásjá, sumar myndir minna á DNA-strúktúra eða myndir af mólekúlum, aðrar eru hreinn strúktúr, rétt eins og uppbyggingu bláberjalyngs megi umbreyta í nútímabyggingu. Á sama tíma er svo mikið flæði í myndunum að áhorfandinn fær fyrst og fremst á tilfinninguna að listamaðurinn noti innsæi sitt við vinnuna, að þegar hann upplifir náttúruna í hjarta sér leyfi hann tækni samtímans, borgarmanninum og náttúrubarninu að vinna saman fordómalaust líkt og í draumi. Listamaðurinn sýnir þannig fram á hvernig samtímamaðurinn getur tengst náttúrunni án þess að segja skilið við skynsemina eða tæknina, sýning hans skilgreinir hana út frá forsendum og heimsmynd samtímamannsins. Hér er engin heildarmynd, ekkert þekkjanlegt útsýni heldur kraftmikil og persónuleg listsköpun sem fær innblástur sinn úr samspili náttúru og menningar, hjarta og heila, eilífðar og augnabliks.

Ragna Sigurðardóttir

Nístandi áköll til friðar

TÓNLIST

Háskólabíó

Sinfóníutónleikar

Britten: Sinfonia da Requiem. Sjostakovitsj: Sinfónía nr. 8 í c Op. 65. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi: Rumon Gamba. Fimmtudaginn 17. nóvember kl. 19.30.

GULU tónleikarnir á alþjóðadegi stúdenta buðu upp á óvenjuvel samtengt prógramm: verk eftir friðarsinna og vini er hvort tveggja lýsti viðbjóði á stríðsbrölti nakta apans. M.a.s. frá svipuðum tíma, 1940 og 1943. Hin tiltölulega stutta Sálumessusinfónía Benjamins Britten var eldri; samin og send til Tókýós í kjölfar tónverkapantana Japansstjórnar til tónskálda víða um heim í tilefni 2600 ára valdaafmælis keisaraættarinnar.

Þó að verkið væri endursent um hæl og aldrei flutt þar eystra, enda andstríðslegur tónn þess augljóslega þvert á væntingar þarríkjandi ráðamanna, kann greiðvikni Brittens að virðast undarleg í dag – sérstaklega í ljósi undangenginna ofbeldisverka Japana í Kína, er náðu hámarki með fjöldamorðunum í Nanking 1937 og urðu þjóðinni til heimskunnrar skammar. En e.t.v. var uppátækið eina færa leið brezka tónskáldsins í nýhafinni heimsstyrjöld (innan við ári fyrir Pearl Harbor) til að mótmæla hernaðarhyggju almennt – með þeim hætti sem það kunni bezt.

Ég kom nánast bláferskur að þessu verki Brittens, og hreif það því meir fyrir vikið. En þrátt fyrir ágætlega lýstum tildrögum þess í tónleikaskrá sló téður óhugnaður stríðsátaka (mest áberandi í Dies irae miðþættinum) mig ekki nærri eins nístandi og sambærilegir staðir í sinfóníu Sjostakovitsjar, þótt öðruvísi kunni að hafa verkað á samtíðarmenn tónskáldsins. Öllu frekar virtust ágengnustu kaflarnir vekja spennu og adrenalín eins og vel gerð stríðsmynd við hæfi eilífra drengja.

Vera má að dýpri meðtaka komist betur inn fyrir sálarsiggið við ítrekaði hlustun. Hitt stóð þó óskert eftir, nefnilega afburðagóð túlkun SÍ undir Rumon Gamba er laðaði til fyrirmyndar vel fram hina mörgu kosti verksins, allt niður í minnstu smáatriði. Hér fór jafnt fágun sem kraftur á kostum.

Í það heila tekið má raunar segja að kvöldið hafi markað óslitna sigurför stjórnanda og hljómsveitar, því flutningur 8. sinfóníu Sjostakovitsjar var engu lakara gæðamarki brenndur en snilldarmeðferðin á vitamisheppnaðri keisarahyllingu Brittens. Margir (þ.á m. stjórnandinn skv. innleggi hans í tónleikaskrá) telja hljómkviðuna helzta meistaraverk sovézka tónskáldsins. Ekki treysti ég mér til að skera úr um það, þó að mér fyndist að vísu undir lok Largoþáttar (IV) sem höfundur væri í þann mund að tapa þræðinum. Þ.e.a.s. rétt áður en rauðbirkinni pastoralorkestrun Nielsens virtist snöggvast bregða fyrir, og hlýtur að hafa verið fyrir skondna tilviljun, enda fjónski meistarinn þá enn að mestu ókunnur utan sinna landsteina.

Kynngimagnaður áhrifamáttur verksins lét mann þó sjaldnast ósnortinn, enda var nánast allt fruntavel spilað, og við það míluvíða dýnamík í báðar áttir að margir hlutu að bölva í hljóði yfir að geta ekki notið kræsinganna við kjöraðstæður væntanlegs tónlistarhúss. Pjátrið átti hér víða krýnda daga, og sjaldan hef ég heyrt strengjalið SÍ leika jafnsamtaka og hörundslaust innlifað og nú. Né heldur létu tréblásarar og slagverk á sínu bezta standa – og þaðan af síður uppnumdir áheyrendur á þakklæti sínu, ef marka má eldheitu undirtektirnar að leikslokum.



Morgunblaðið/Ásdís

Rumon Gamba *„Í það heila tekið má raunar segja að kvöldið hafi markað óslitna sigurför stjórnanda og hljómsveitar, því flutningur 8. sinfóníu Sjostakovitsjar var engu lakara gæðamarki brenndur en snilldarmeðferðin á vitamisheppnaðri keisarahyllingu Brittens," segir Ríkarður Ö. Pálsson m.a.*

Ríkarður Ö. Pálsson

Kvikmyndir

Borgarbíó, Akureyri
The Exorcism of Emily Rose
Into the Blue
Four Brothers ★★★☆☆ (SV)
In Her Shoes ★★★☆☆ (HJ)
Smárabíó
The Exorcism of Emily Rose
Serenity
Into the Blue
In Her Shoes ★★★☆☆ (HJ)
The Legend of Zorro ★★★☆☆ (SV)
Regnboginn
The Exorcism of Emily Rose
Into the Blue
In Her Shoes ★★☆☆ (HJ)
Africa United ★★★★☆ (SV)
A History of Violence ★★★☆☆ (HJ)
Laugarásbíó
Waiting
The Exorcism of Emily Rose
Four Brothers ★★★☆☆ (SV)
The Legend of Zorro ★★★☆☆ (SV)
Wallace og Gromit – Bölvun vígakanínunnar ★★★★★ (HJ)
The Descent ★★★★☆ (SV)
Háskólabíó
Lord of War
La Marche de L'Empereur
Elizabethtown
Litli Kjúllinn ★★☆☆☆ (SV)
Corpse Bride ★★★★☆ (SV)
Wallace og Gromit – Bölvun vígakanínunnar ★★★★★ (HJ)
Hip Hip Hora!
Sambíóin Reykjavík, Keflavík, Akureyri
Serenity
Lord of War
Litli kjúllinn ★★☆☆☆ (SV)
Elizabethtown
Corpse Bride ★★★★☆ (SV)
Two for the Money ★★★☆☆ (SV)
Kiss, Kiss, Bang, Bang ★★★☆☆ (HJ)
Flight Plan ★★★☆☆ (SV)
Wallace og Gromit – Bölvun vígakanínunnar ★★★★★ (HJ)
Valíant m/ ísl. tali

Leiklist

Austurbær: Annie, 26. nóv.
Borgarleikhúsið: Salka Valka, fim., fös. Woyzeck, lau. Kalli á þakinu, sun. Id – Haust, sun., mið. Lífsins tré, lau., fös. Alveg brilljant skilnaður, sun. Manntafl, fim.
Hafnarfjarðarleikhúsið: Himnaríki, lau., fös.
Iðnó: Ég er mín eigin kona, lau., sun., fim., fös. Gestur – síðasta máltíðin, lau.
Íslenska óperan: Kabarett, fös., lau.
Leikfélag Akureyrar: Fullkomið brúðkaup, lau., sun., fim., fös.
Leikfélag Mosfellsbæjar: Fjórir einþáttungar, sun.
Loftkastalinn: Blóðberg, þri., fös. Tónleikurinn Bítl, 26. nóv.
Nasa við Austurvöll: Typpatal með Audda, frums. 24. nóvember.
Tjarnarbíó: Jólaævintýri Hugleiks. lau., mið., fös.
Þjóðleikhúsið: Halldór í Hollywood, lau., fim., fös. Klaufar og kóngsdætur, sun. Edith Piaf, sun. Brim, sun., mið. Frelsi, lau., mið., fim. Leitin að jólunum frums. 26. nóv.

Myndlist

Bananananas: Hildigunnur Birgisdóttir til 26. nóvember.
Byggðasafn Árnesinga: Á Washington-eyju og Grasjurtir. Til nóvemberloka.
Café Cultura: Róbert Stefánsson út nóvember.
Café Karólína: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir til 2. desember.
Energia: Kolbrún Róberts til nóvemberloka.
Gallerí +: Haraldur Ingi Haraldsson til 26. nóvember.
Gallerí 101: Haraldur Jónsson til 26. nóvember.
Gallerí 100°: Bryndís Jónsdóttir og Einar Marínó Magnússon til 25. nóvember.
Gallerí BOX: Jón Sæmundur Auðarson til 18. desember.
Gallerí i8: Þór Vigfússon til 23. desember.
Gallerí Lind: Ólöf Björg Björnsdóttir til nóvemberloka.
Gallerí List: Elsa Nielsen til 2. desember.
Gallerí Turpentine: Sigtryggur Bjarni Baldvinss. til 6. des.
Gel Gallerí: Jóhannes Rúnar til 25. nóvember.
Gerðarsafn: Tími Romanovættarinnar. Til 4. desember.
Gerðuberg: Eggert Magnússon til 9. janúar.
Grafíksafn Íslands: Bjarni Björgvinsson til 4. desember.
GUK+: Hartmut Stockter til 16. janúar.
Hafnarborg: Jón Laxdal til 31. desember.
Hrafnista, Hafnarfirði: Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir til 6. desember.
Jónas Viðar Gallerí: :Þórarinn Blöndal til 4. desember.
Karólína Restaurant: Óli G. til aprílloka 2006.
Kirkjuhvoll , Akranesi: Einar Hákonarson.
Kling og Bang gallerí: Unnar Örn J. Auðarson til 4. desember.
Listasafnið á Akureyri: Helgi Þorgils Friðjónsson til 23. desember.
Listasafn ASÍ: Magnús V. Guðlaugsson og Örn Þorsteinsson til 4. desember.
Listasafn Einars Jónssonar: Fastasýning.
Listasafn Íslands: Ný íslensk myndlist II til 12. febrúar.
Listasafn Reykjanesbæjar: Húbert Nói til 4. desember.
Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn: Maðurinn og efnið. Yfirlitssýning. Til 2006. Bernd Koberling til 22. janúar.
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús: Guðrún Vera Hjartardóttir til 30. desember. Erró til 23. apríl.
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval. Til 19. mars.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Hraunblóm: Elsa Afelt, Carl-Henning Pedersen, Svavar Guðnason og Sigurjón Ólafsson, til 27. nóvember.
Listasmiðjan Þórsmörk, Nesk.: 10 listakonur, fram í janúar 2006.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Lars Tunbjörk til 20. nóv.
Norræna húsið: Jonas Wilén, Henrika Lax og Annukka Turakka. Toæ 18. desember.
Nýlistasafnið: Snorri Ásmundsson, Tilraunaeldhúsið. Til 19. desember.
Ráðhús Reykjavíkur: Helga Birgisdóttir (Gegga) til áramóta.
Safn: Ólafur Elíasson. Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Kristinn E. Hrafnsson, Jón Laxdal til 11. desember.
Saltfisksetur Íslands: Hermann Árnason til 20. nóvember.
Smekkleysa plötubúð - Humar eða frægð: Þorsteinn Otti Jónsson út nóvember.
Suðsuðvestur: Þóra Sigurðardóttir og Anne Thorseth. Til 11. desember.
Þjóðarbókhlaðan: Brynjólfur Sveinsson til áramóta.
Þjóðmenningarhúsið: Hjörtur Hjartarson, út nóvember. Íslenskt bókband.
Þjóðminjasafn Íslands: Konungsheimsóknin 1917 og Mannlíf á Eskifirði 1941–1961. Til 27. nóvember.
Þrastalundur, Grímsnesi: Reynir Þorgrímsson fram í desember.